



## Fundargerð 22. fundar stjórnar SSA haldinn 5. ágúst 2022

Fundurinn var haldinn í Teams og hófst hann kl 9:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri sem skrifaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 21. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var samþykkt og verður undirrituð rafrænt.*
- 1.2 Fundargerð sambandsins (910,911, Úrgangsmál) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (540,541), SSV (168), SSVN (78,79), Vestfjarðastofa (46, ársfundur), SSNE (38), SASS (582, 583, 584, aukaaðalfundur), SSS (779) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.4 Stýrihópur stjórnarráðsins (81) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*

### 2. Innra starf SSA

#### 2.1 Haustþing SSA

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála í undirbúningi haustþings. Framkvæmdastjóra falið í samráði við formann og varaformann að vinna að undirbúningi þingsins á grundvelli umræðna. Kjörnefnd SSA 2022: Formaður fór yfir stöðuna á vinnu kjörnefndar.*

#### 2.2 Sóknaráætlun Austurlands

*Skipan í úthlutunarnefnd og fagráð: Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að aðilum í úthlutunarráð og fagráð. Stjórn samþykkir skipunina og felur formanni að undirrita skipunarbréf. Stjórn þakkar kærlega þeim aðilum sem setið hafa í nefndum og ráðum í tengslum við uppbyggingasjóð Austurlands undanfarin ár fyrir góð störf í þágu Austurlands.*

*Tímalína vegna uppbyggingasjóðs Austurlands: Framkvæmdastjóri kynnti tímalínu varðandi auglýsingu og úthlutun úr uppbyggingasjóði Austurlands 2023. Stjórn ítrekar fyrri umræðu um mikilvægi þess að fjölga umsóknum í atvinnu- og nýsköpunarluta sjóðsins.*

#### 2.3 Fjallskilasamþykkt

*Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að breytingum á samþykktunum sem unnar voru í samráði við formann SSA og lögmann SSA. Stjórn samþykkir breytingarnar og felur framkvæmdastjóra að setja breytingarnar í samþykktarferli hjá sveitarfélögunum.*

## Önnur mál

### 3.1 Umsagnarbreiðir

*Framkvæmdastjóra er falið í samráði við formann og varaformann að vinna drög að umsögn um drög að frumvarpi um sýslumenn.*

### 3.2 Skipan í skólanefndir ME og VA

*Staðfest er skipun í skólanefndir ME og VA af hálfu SSA í samræmi við erindi þess efnis frá menntamálaráðuneytinu. Um leið þakkar SSA þeim sem setið hafa í skólanefndum skólanna fh. SSA undanfarin ár kærlega fyrir þeirra störf í þágu skólanna.*

*Tilnefning í skólanefnd VA:*

*Aðalmenn: Hjördís H. Seljan Þóroddsdóttir, Hlöðver Hlöðversson*

*Varamenn: Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Kenneth P B Svenningssen*

*Tilnefning í skólanefnd ME:*

*Aðalmenn: Sigrún Birna Björnsdóttir, Magnús Jónsson*

*Varamenn: Berglind Harpa Svavarsdóttir, Kristján Ketill Stefánsson*

*Ekki fleiri mál á dagskrá. Fundi slitið kl 10:10*